



Þó nokkuð margir voru strandaglópar á Keflavíkflugvelli í gær, þar sem miklar tafir urðu á flugsamgöngum til og frá landinu vegna veðurs. Nokkrum flugferðum var aflýst og um margra klukkustunda seinkun var að ræða í sumum tilvikum. Þessir þreyttu ferðalangar biðu fregna af ferðalögum sínum og sumir lögðu sig hreinlega á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Togstreita hamlar hagkvæmni

Samningar Sjúkratrygginga Íslands hafa verið stefnumótandi fyrir þróun og gerð heilbrigðiskerfisins sökum vöntunar á heilbrigðisáætlun. Svört skýrsla Ríkisendurskoðunar um stofnunina kom út í gær. Varaformanni velferðarnefndar kom niðurstaðan ekki á óvart. Heilbrigðisáætlana sé þörf til að uppræta vandann.

STJÓRNSÝSLA Togstreitu gætir milli lykilstofnana í heilbrigðiskerfinu og má rekja hana til óljósrar stefnu stjórnvalda um skipulag heilbrigðiskerfisins. Afleiðingin er sú að fjármunir nýtast illa og hamlar það því að samningar, kaup og greiðsluþáttaka vegna heilbrigðisþjónustu séu þjóðhagslega hagkvæm.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í svartri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sem kaupanda heilbrigðisþjónustu.

SÍ var komið á fót með lögum árið 2008 en hlutverk þeirra er að hafa umsjón með verkþáttum sem varða samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu og greiðslu endur-

gjalds fyrir hana. Heildstæð stefna um heilbrigðisþjónustu hefur síðan þá ekki legið fyrir. Sömu sögu er að segja af langtímastefnu fyrir stofnunina. Afleiðingin er sú að samningar SÍ hafa verið stefnumótandi fyrir þróun og gerð kerfisins.

Meðal þess sem vakir er athygli á í skýrslunni er að útgjöld SÍ til sérgreinalækna jukust um tæp 50 prósent að teknu tilliti til verðlagsþróunar, fóru úr 6,1 milljarði í 9,8 milljarða, milli 2012 og 2016. Þá er þess einnig getið að samstarf um gæðaeftirlit milli Embættis landlæknis og SÍ hafi ekki verið fyrir hendi frá stofnun SÍ. Stærsta ástæðan er „ósamstaða stofnananna“.

Sem dæmi um þetta er nefnt í

Þessar niðurstöður koma mér í sjálfu sér ekkert á óvart.

Ólafur Þór Gunnarsson, varaformaður velferðarnefndar



skýrslunni að SÍ hafi haldið áfram greiðslum til meðferðarþjónustu í Krýsuvík til dagsins í dag þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir Landlæknis við fyrirkomulag þjónustunnar frá árinu 2016. Þá er þess einnig getið að SÍ hafi árið 2016 komist að

þeirri niðurstöðu að ákveðnir þjónustuþættir Reykjalundar væru allt að tvöfalt dýrari en þjónusta annars staðar. Þrátt fyrir það var þeim viðskiptum haldið áfram.

„Þessar niðurstöður koma mér í sjálfu sér ekkert á óvart,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG, læknir og varaformaður velferðarnefndar Alþingis. „Við sem samfélag höfum ekki verið nægilega dugleg að búa til heilbrigðisáætlanir og fylgja þeim eftir. Í því endurspeglast þessi vandi sem er að koma upp.“

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra gat ekki veitt svör um málið í gær. Svar aðstoðarmanns hennar var á þann veg að það yrði gert síðar í vikunni. – jõe

Tilvera ræðir ófrjósemi karla

LÍFID Björn Gunnar Rafnsson, í Tilveru, segir ófrjósemi karla feimnis-mál. Mikilvægt sé að búa til vettvang til að ræða þessi mál. „Ég hef sagt öllum sem vilja heyra frá minni reynslu og aldrei hef ég heyrt karlmann segja mér á móti að hann sé með sæðisframleiðslu undir meðal-lagi,“ segir Björn. – gha / sjá síðu 22

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson svarar Sif Sigmarsdóttur. **11**

LÍFID Genki Instruments er íslenskur tónlistartækniþroti sem hefur það að markmiði að gera tækni aðgengilegri og náttúrulegri fyrir tónlistarmenn. **20**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FERMINGAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

KASSAÐU
ÞIG INN Á
ÞJÓÐHÁTÍÐ


7000 KR.

AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI MIÐAÐ VIÐ
FULLT VERÐ EFTIR AÐ FORSÖLU LÝKUR

Sæktu appið á kass.is

Kass
frá Íslandsbanka

Veður



Suðlæg átt í dag og víða strekkingur en hægari norðaustan til. Skýjað og lítilsháttar væta um tíma en þurrt og bjart norðan- og austanlands. Kólnar í kvöld. **SJÁ SIÐU 16**



Maðurinn og stúlkan kynntust í gegnum Snapchat.

Árs fangelsi fyrir kynlíf með barni

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður var fyrir viku dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að stunda kynlíf með fjórtán ára stúlku. Maðurinn var átján ára þegar brotið átti sér stað.

Í janúar 2016 leitaði móðir brotþola á lögreglustöð þar sem dóttir hennar hafði orðið fyrir miklu áreiti af hálfu hins sakfellda og kærustu hans. Rannsókn málsins hófst í kjölfarið.

Hinn sakfelldi neitaði sök. Hann sagði að hann og stúlkan hefðu kynnt á Snapchat á vormánuðum 2015. Þau hefðu „náð vel saman og verið ákveðin í því að vilja sofa saman“. Hann sagði að hún hefði sagt honum að hún væri fædd árið 2000. Hins vegar átti hún afmæli síðla árs og var því ekki orðin fimmtán ára þegar samneyti þeirra átti sér stað. Sagði hinn sakfelldi að hann hefði aldrei sofði hjá stelpunni hefði hann vitað aldur hennar.

Brotþoli bar því aftur á móti við að hún hefði sagt ákærða að hún væri aðeins fjórtán ára áður en af kynlífi varð.

Í niðurstöðu dómsins segir að hinum sakfellda hefði mátt vera ljóst að stúlkan væri annaðhvort fjórtán eða fimmtán ára. Hann hefði hins vegar ekki gert tilraun til að finna út fæðingardag hennar. Var hann því sakfelldur.

Refsing mannsins er bundin almennu tveggja ára skilorði. Þá er honum gert að greiða stúlkunni 700 þúsund krónur í miskabætur og laun verjanda síns og réttargæslumanns stúlkunnar, alls rúma 1,1 milljón. – jõe

Umskurður drengja á dagskránni



Bjarni Karlsson prestur og Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar, ræddu í gær á Kex Hosteli hvort rétt væri að banna umskurð drengja með lögum. Ljóst er að frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur Framsóknarmanns um bann við umskurði drengja er umdeilt. Meðal annars hafa pistlahöfundar Fréttablaðsins, þau Sif Sigmarsdóttur og Kári Stefánsson, deilt um frumvarpið á síðum blaðsins. Sjá nánar síðu 11. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sunna komin í endurhæfingu

LÖGREGLUMÁL „Ég talaði við Sunnu í gær og hún er byrjuð í sinni endurhæfingu á spítalanum í Sevilla og það er allavega mjög jákvætt skref fyrir hana,“ segir Páll Kristjánsson, lögmaður Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, sem slasaðist alvarlega á Spáni um miðjan janúar. Hún var flutt á annan spítala á Spáni skömmu fyrir helgi eftir langa bið eftir að komast í viðeigandi meðferð og endurhæfingu.



Sunna Elvira hefur legið alvarlega slösuð á Spáni frá því um miðjan janúar.

ingu. Páll segir enn ekkert komið út úr tilraunum íslenskra yfirvalda til að fá farbanni Sunnu aflétt en að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinni að málinu. – aa

Háþróað og ómannað loftfar í gagnið í sumar

Landhelgisgæslan undirbýr að taka í notkun ómannað, háþróað loftfar til gæslustarfa. Loftfarið flýgur í mikilli hæð án þess að nokkur verði þess var og er útbúið ratsjá og hitamyndavélum. Tilraunaverkefni til tveggja mánaða.

LÖGGÆSLA Landhelgisgæslan hefur í hyggju að taka í notkun ómannað loftfar til löggæslustarfa í sumar. Loftfarið, eða dróninn, hefur um tíu klukkustunda flugþol og er búinn hitamyndavélum og ratsjábúnaði. Stefnt er að samvinnu lögreglu og Landhelgisgæslu með notkun búnaðarins.

Dróninn er allt að 150 kíló að þyngd og sérstaklega útbúinn fyrir eftirlit á sjó. Þeir drónar sem koma til greina geta verið á flugi nánast allan daginn og er stjórnað af starfsmönnum Gæslunnar á jörðu niðri.

Það er EMSA, siglinga- og öryggisstofnun Evrópu, sem á loftfarið og mun lána Landhelgisgæslunni búnaðinn í tvo mánuði í sumar ef allt gengur eftir. „Dróninn er í þeirra eigu og því fellur nánast allur kostnaður á stofnunina. Aðildarríkin geta fengið hann til afnota til að starfa á sínum svæðum og því erum við að undirbúa að fá slíkt tæki í tilraunaverkefni í sumar til löggæslustarfa,“ segir Auðunn Kristinnsson, verkefnastjóri aðgerðasviðs Gæslunnar.

Vindur og ísing eru helstu þættir sem trufla flug slíkra loftfara og því



Eftirlit á sjó verður nú gert mun auðveldara með ómönnuðu loftfari sem bætist við flota Landhelgisgæslunnar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Dróninn er litill og því getur hann safnað upplýsingum án þess að nokkur á jörðu niðri verði hans var. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

er þetta tilraunaverkefni til að sjá hvort hægt sé að stjórna tækinu við íslenskar aðstæður. Dróninn er stærri en þeir drónar sem við sjáum dagsdaglega. Vænghaf hans

er um sex metrar og þarf hann flugbraut til að lenda líkt og flugvélar. „Við erum að skoða Hornafjörð og Snæfellsnes. Við þurfum flugvöll þar sem er tiltölulega litill umferð,“ bætir Auðunn við.

Markmiðið með þessu er að efla gæslu á sjó í sumar og einnig verða gerðar tilraunir með búnaðinn á landi í samstarfi við lögreglu. Með þessum búnaði gæti samstarf Landhelgisgæslunnar og lögreglu aukist. Búnaðurinn er háþróaður og getur nýst við hin ýmsu eftirlitsstörf. Embættin hafa unnið saman að umferðareftirliti á sumrin með þylum og einnig flogið á slóðir rjúpnaveiðimanna og kannað stöðu veiðimanna. sveinn@frettabladid.is

-6°
21° Tilfinning
-7°
-8°

Hitaðu bílinn með fjarstýringu – Webasto bílahitari

LT BÍLASMÍÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto
Feel the Drive



RENAULT
Passion for life

Nýr Renault CAPTUR

Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fánlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7/100 km* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.

RENAULT CAPTUR ZEN

Verð: 2.750.000 kr.

Verð á mánuði: 31.037 Kr.**

**Miðað við reiknivél lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,36%. Nánari upplýsingar um lánakostnað á lykill.is



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Færeyskur þingmaður til rannsóknar vegna fíkniefnamisferlis

FÆREYJAR Danskir lögglumenn komu á dögum til Færeyja til að rannsaka meint fíkniefnamisferli færeyska þingmannsins Bjarna Hammer. Málið þykir hið versta fyrir jafnaðarflokkinn.

Sagt var frá málinu á forsiðu dagblaðsins Sósíalsins í gær og var fyrir-sögnin á þá leið að þingmaðurinn hefði ætlað að útvega ungum stúlkum hass. Rannsókn blaðamanna

leiddi til þess að þeir afhentu lög-reglunni í Þórshöfn upplýsingar sem þeir höfðu. Það gerðu þeir í janúar.

„Þetta var sérstök aðstaða sem við vorum í á meðan rannsókn okkar stóð. Það var mat okkar, í samráði við lögfræðinga, að farsælast væri að afhenda lögreglunni gögnin,“ segir Barbara Holm, ritstjóri Sósíalsins, í samtali við Kringvarpið.

Áður en blaðið kom út í gær hafði

orðrómur farið á kreik um að Hammer væri tengdur fíkniefnaheiminum. Neitaði hann því í samtali við Vágapotalinn að hafa nokkurn tímann selt fíkniefni. Þingmaðurinn starfaði sem lögglumaður í Færeyjum áður en hann settist á þing. Meðan á þingsetu hans stendur er hann í leyfi frá lögglustörfum.

Meðal þess sem sagt var frá í Sósíalnum í gær er upptaka af sím-



Forsíða Sósíalsins frá því í gær.

tali þar sem Hammer heyrir ræða við unglingsstúlku. Sú upptaka er frá 22. desember síðastliðnum og heyrir hann þar meðal annars segja að hann gæti útvegað efnin milli jóla og nýárs.

„Ég er algjörlega eyðilagður,“ segir Aksel Johannesen, formaður Jafnaðarflokksins og forsætisráðherra Færeyja. Flokkurinn mun funda um málið á næstu dögum. –jóe

Afstaða ASÍ skýrist á miðvikudag

KJARAMÁL Boðað hefur verið til formannafundar aðildarfélagi ASÍ á Hilton Reykjavík Nordica á miðvikudaginn klukkan ellefu. Þar verður rætt um þá stöðu sem er uppi í tengslum við endurskoðun kjarasamninga.

Gylfi Arnbjörnsson hefur leitað eftir samþykki fulltrúa í samninganefnd ASÍ til þess að hægt verði að hafa uppi leynilega rafræna atkvæðagreiðslu um uppsögn kjarasamninga. Allir fulltrúar í samninganefndinni þurfa að samþykkja slíka tillögu.

Fulltrúar samninganefndar ASÍ hafa að undanförunu, og síðast í gær, fundað með SA og stjórnvöldum vegna stöðunnar. Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd telja að forsendur kjarasamninga séu brostnar, en þegar sú staða kemur upp ber aðilum að leita viðbragða hjá gagnaðila og/ eða stjórnvöldum til að kanna hvort vilji sé til þess að koma til móts við aðila vegna forsendubrestsins. Á vef ASÍ segir að nú sé beðið viðbragða við þessum málaleitunum.

–jhh



Utanaðkomandi miðli málum

BARNAVERND Velferðarráðuneytið segir aðgerða þörf til að endurheimta traust í málefnum barnaverndar, eftir að formenn Barnavernda Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs kvörtuðu yfir samskiptum við starfsmenn Barnaverndarstofu.

Fagaðilar móti verklag um hvernig þeir sem stýra málaflokknum eigi að haga samskiptum sín á milli. Utanaðkomandi aðila verði falið að miðla málum. –ósk

Laun lykilstjórnenda bankanna þriggja 1.000 milljónir í fyrra

Lykilstjórnendur stóru viðskiptabankanna þriggja fengu samanlagt rúman einn milljarð króna í laun, hlunnindi og árangurstengdar greiðslur á síðasta ári. Bankastjóri Arion banka með ríflega 5,9 milljónir á mánuði. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir greinilega alltaf svigrúm til að „moka undir toppana“.

VIÐSKIPTI Laun, hlunnindi og árangurstengdar greiðslur til 26 lykilstjórnenda stóru bankanna þriggja námu 1.023 milljónum króna í fyrra. Launakostnaður bankanna vegna lykilstjórnenda, að stjórnnum meðtöldum, hefur hækkað um 40 prósent frá árinu 2013, eða um nærri 340 milljónir króna. Á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 34 prósent.

Þetta kemur fram þegar laun bankastjóra og framkvæmdastjóra Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka eru skoðuð í nýbirtum ársreikningum bankanna þriggja.

Í heildina er um 26 starfsmenn í bönkunum þremur að ræða eins og þeir birtast í ársreikningum bankanna. Við það má bæta að greiðslur til stjórnarmanna bankanna námu samanlagt rúmunum 196 milljónum króna.

Íslandsbanki, sem er að fullu í eigu ríkisins, er með sex framkvæmdastjóra en í uppgjöri síðasta árs er einnig færður inn kostnaður vegna starfsloka tveggja framkvæmdastjóra. Alls 331,5 milljónir króna. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, var svo með 58 milljónir í árslaun eða sem nemur rúmlega 4,8 milljónum króna á mánuði. Lækka þau eilítið milli ára.

Landsbankinn, sem ríkið á rúm 98 prósent í, greiddi 205,5 milljónir til fimm framkvæmdastjóra og vegna starfsloka eins fyrrverandi. Lilja Björk Einarsdóttir, sem ráðin var bankastjóri í fyrra, var með 2,8 milljónir á mánuði á níu og hálfmánaðar tímabili.

Arion banki, sem íslenska ríkið átti 13 prósent hlut í þar til í gær,



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Laun lykilstjórnenda bankanna 2017

| | Framkvæmdastjórar | Bankastjóri | Alls 2017 |
|--------------|-------------------|----------------|-----------------|
| Íslandsbanki | 331,5 milljónir | 58 milljónir | 389,5 milljónir |
| Landsbanki | 205,5 milljónir | 27 milljónir | 232,5 milljónir |
| Arion banki | 329,8 milljónir | 71,2 milljónir | 401 milljónir |
| Alls | | | 1.023 milljónir |

er með níu framkvæmdastjóra sem fengu alls 329,8 milljónir í sinn hlut. Árslaun bankastjórans, Höskuldur Ólafssonar, námu 71,2 milljónum króna í fyrra, eða sem nemur ríflega 5,9 milljónum á mánuði. Laun Höskuldur hækkuðu um ríflega níu prósent milli ára.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður

VR, segir það ekki fara fram hjá nokkrum manni að sjálftakan og mis-skiptingin sé sífellt að aukast.

„Þetta er ein af ástæðum kraumandi óánægju í grasrót stéttarfélaganna með hversu getulaus hún virðist vera til að streitast á móti þessari þróun.“

Ragnar segir grátlegt að mörg

» Ríkið á rúm 98 prósent í Landsbankanum, en Íslandsbanki er að fullu í eigu ríkisins. Ríkið átti 13 prósent hlut í Arion þar til í gær.

þessara fyrirtækja á fjármálamarkaði séu í eigu lifeyrissjóða fólksins eða ríkisins.

„Það er óþolandi að fylgjast með þessari taumlausu græðgi þegar hinum almenna launamanni er gert að sýna höfsemi. Það virðist alltaf vera svigrúm til að moka undir toppana.“ mikael@frettabladid.is

SÉRTILBOÐ Á FIAT 500

400.000 KR. AFSLÁTTUR

INNIFALIÐ

VETRAR- OG SUMARDEKK

ÞJÓNUSTUSKOÐUN* Í 2 ÁR

FIAT 500 POP

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.

VERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

STADALBÚNAÐUR:
Loftkæling, snertiskjár, 15" álfelgur, bluetooth, aksturstölv, bakskynjarar ofl.

Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

www.fiat.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



Way of Life!

SUZUKI SWIFT BÍLL ÁRSINS Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA

KOMDU
OG PRUFAÐU
SWIFT

HANN FÆR ÞIG TIL AÐ
BRÓSA



2018 RJC
Automotive Researchers' & Journalists' Conference of
CAR OF THE YEAR

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2018
BÍLABLAÐAMANNA

VERÐ FRÁ KR.
▶ 2.160.000

KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐANN
SUZUKI SWIFT.

SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Ágreiningur um staðsetningu stöðvar opnun veitingahúss við Keríð

SKIPULAGSMÁL Eigendum Kersins í Grímsnesi hefur verið sýnað um leyfi til uppbyggingar á staðnum. Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps, segir sveitarstjórnina vilja að framkvæmt verði annars staðar á svæðinu en óskað sé eftir.

„Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir að núverandi bílastæði verði stækkuð auk þess sem byggð verði aðstaða fyrir starfsfólk, salerni og veitinga- og verslunaraðstöðu,

Okkur hugnast illa að setja hús þarna í vegkantinn.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps



» Í tillögu eigenda Kersins er gert ráð fyrir að stækka bílastæðin á svæðinu og að byggð verði aðstaða fyrir starfsfólk og salerni, svo eitthvað sé nefnt.

samtals allt að 300 fermetrum,“ segir í bókun sveitarstjórnar sem féllst ekki á tillögu Kerfélagsins um breytt skipulag. Nauðsynlegt sé að

vegtenging frá Biskupstungnabraut að Kerínu verði færð austar.

„Við viljum færa afleggjarann austar en nú er, því ef keyrt er inn og út af bílastæðinu þá eru þeir sem mætast að öllu jöfnu á blindhæð. Þetta er stórhættulegur staður,“ segir Gunnar Þorgeirsson.

Oddvitinn segir staðsetningu afleggjarans hafa verið í lagi á meðan það hafi komið kannski tíu bílar á viku að Kerínu. Nú sé öldin önnur. „Þegar það koma tíu bílar á

þrjátíu mínútna fresti þá er þetta orðin gríðarleg trafíkk. Bílastæðin eru smekktfull, alla daga, alltaf.“

Gunnar segir að sveitarstjórnin vilji að í framtíðaruppbyggingu félagsins verði horft til lengri tíma en nokkurra vikna. „Okkur hugnast illa að setja hús þarna í vegkantinn. Við horfum til þess að veigtengingin yrði tekin austur fyrir svæðið og að uppbyggingin yrði þar utan í brekkunni. Svo getur fólk bara gengið upp að Kerínu.“ – gar



Sæbrautarvitinn verður líkur þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landfylling undir vita

SIGLINGAMÁL Gerð landfyllingar vegna nýs innsiglingarvita við Sæbraut hefjast senn. Hönnun á vitanum og áningarstað þar við stendur yfir og bjóða á út framkvæmdir fljótlega.

„Taka skal tillit til þess að um er að ræða strandsvæði þar sem eru margir notendahópar sem eru að nýta strandlengjuna til útivistar og samgangna. Því skal gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur vegna leyfis fyrir landfyllinguna. – gar

Þyngri refsingar í gettounum

DANMÖRK Danska ríkisstjórnin boðar nýjar aðferðir í baráttu gegn afbrotum í úthverfum þar sem glæpatíðni er há, svokölluðum gettóum. Refsingar vegna afbrota sem framin eru í gettounum verða tvöfalt þyngri en vegna sams konar afbrota sem framin eru annars staðar.

Haft er eftir Søren Pape Poulsen dómsmálaráðherra að þyngri refsingar geti varðað skemmdarverk, þjófnað og hótanir. Það verði þó ekki ríkisstjórnin sem ákveður hvar og hvenær þyngri refsingum verður beitt, heldur lögreglustjórar á hverjum stað. – ibs

Gagnrýnir að upplýsingar úr skýrslutöku lögreglu séu birtar


Réttargæslumaður kæranda í kynferðisbrotamáli gagnrýnir að upplýsingar úr skýrslutöku hjá lögreglu séu birtar á netinu og hefur gert athugasemd við málið hjá lögreglu. Landsréttur staðfestir mánaðarlangan gæsluvarðhaldsúrskurð yfir barnaverndarstarfsmanni sem grunaður er um brot gegn sjö börnum.

DÓMSMÁL „Ég er búinn að gera athugasemd við þetta hjá lögreglu,“ segir Sævar Þór Jónsson, réttargæslumaður þriggja ungmenna sem hafa kært fyrrverandi starfsmann Barnaverndar Reykjavíkur fyrir kynferðisofbeldi. Hann gagnrýnir að gæsluvarðhaldsúrskurður Landsréttar yfir manninum hafi verið birtur á netinu. Greint var frá úrskurðinum í fjölmiðlum í gær. Sævar kveðst hafa gert athugasemdirna um leið og hann vissi af úrskurðinum.

Samkvæmt úrskurði Landsréttar er maðurinn grunaður um brot gegn sjö börnum á árunum 1998 til 2012. Brotin geta varðað allt að 16 ára fangelsi. „Brot þau, sem til rannsóknar eru, yrðu að teljast svívirðileg að almenningsáliti ef sönnuð yrðu. Þegar á allt er horft þykir verða að telja nauðsynlegt vegna almannahagsmuna að taka kröfu lögreglustjóra til greina,“ segir í úrskurðinum þar sem fallist er á gæsluvarðhaldsúrskurðinn til 16. mars.

„Það er verið að fjalla um hluti sem koma fram í skýrslutöku hjá lögreglu og ég hefði ekki talið það tímabært að fara að fjalla um vitnisburði umbjóðenda minna hjá lögreglunni á þessu stigi málsins,“ segir Sævar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst kveða reglur dómstólsins á um að gæsluvarðhaldsúrskurði séu birtir opinberlega, án nafna og kennitölu sakbornings eða annarra sem skýrsla er tekin af, þegar gæsluvarðhalds er krafist á grundvelli almannahagsmuna. Þegar gæsluvarðhalds er krafist á grundvelli rannsóknarhagsmuna geti lögregla



Ítarlegar upplýsingar úr skýrslutökum yfir kærendum eru birtar í gæsluvarðhaldsúrskurðinum á netinu sem greint var frá í gær. Á einum stað er nákvæmlega greint frá skyldleika eins kæranda við sakborning. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Ég hefði ekki talið það tímabært að fara að fjalla um vitnisburði umbjóðenda minna.

Sævar Þór Jónsson, lögmaður




krafist þess að úrskurður sé ekki birtur opinberlega.

Á einum stað í úrskurðinum segir að þeir sjö einstaklingar sem hafi lagt fram kærur í málinu séu mjög misjafnlega tengdir, ýmist náskyldir, vinir eða ótengdir sín á milli. Á öðrum stað er nákvæmlega greint frá skyldleika eins kæranda við sakborning.

„Það er líka athugasemd,“ segir

Sævar. „En það er eitt sem ég hef líka reynt að ítreka í þessu máli við fjölmiðla og það er að umbjóðendur mínir eru ekki vinir þessa manns. Þetta eru ekki vinabönd. Þau fengu ábendingar um að hann væri stuðningsfulltrúi vegna starfa hans fyrir barnaverndarnefnd og þau leituðu til hans út af því. En það eru engin vinatengsl milli þessara aðila.“ jonhakon@frettabladid.is



VERÐLAUNABÓK UM HEILLANDI HEIM



2. prentun komin

Gullfallegar vatnslitamyndir

CANDY

ER KOMIÐ Í HEIMILISTÆKI



25% KYNNINGARAFSLÁTTUR

23. FEBRÚAR TIL 10. MARS

Hin sívinsælu heimilistæki frá Candy fást nú í Heimilistækjum. Fullur lager af flottum og notendavænum tækjum á hagstæðu verði frá einum vinsælasta heimilistækjaframleiðanda meðal Íslendinga síðastliðna áratugi. Fjölbreytt úrval af þvottavélum, uppþvottavélum og kælikápum fyrir allar stærðir og gerðir heimila. Nýjasta viðbótin frá Candy eru Bianca þvottavélarnar með Smart Ring, Simply Fi appi og raddstýringu. Endurnýjaðu kynnin við Candy á frábærum kynningarafslætti.

CANDY




 **Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is



Rnr. 370830

RENAULT Clio GT
Nýskr. 11/16, ekinn 17 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.590 þús. kr.



Rnr. 144853

HYUNDAI i20 Classic
Nýskr. 05/15, ekinn 48 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 1.790 þús. kr.



Rnr. 390838

TOYOTA Yaris Active
Nýskr. 06/15, ekinn 25 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 1.890 þús. kr.



Rnr. 153213

NISSAN Juke Acenta
Nýskr. 01/15, ekinn 25 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.190 þús. kr.



Rnr. 144865

KIA Picanto LX
Nýskr. 01/16, ekinn 50 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 1.390 þús. kr.



Rnr. 121410

NISSAN Micra Visia
Nýskr. 09/14, ekinn 18 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 1.190 þús. kr.

bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Barn fær meðferð eftir meinta efnavopnaárs stjórnarliða á al-Shifuniyah á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Frekari árásir þrátt fyrir vopnahlésályktun

Þrátt fyrir að Öryggisráð SP hafi ályktað um vopnahlé halda árásir Assad-liða á Austur-Ghouta áfram. Að minnsta kosti níu dóu í gær. Guterres kallar eftir tafarlausri innleiðingu vopnahlés. Lavrov segir af og frá að efnavopn hafi verið notuð.

SÝRLAND Sameinuðu þjóðirnar itrekuðu þá ósk sína í gær að vopnahléið í Sýrlandi, sem Öryggisráðið samþykkti á laugardag, yrði innleitt tafarlaust. Um er að ræða þrjátíu daga vopnahlé en þegar það var samþykkt á laugardag stóð til að það tæki strax gildi.

Vopnahléið hafði þó ekki enn tekið gildi í gær. Sögðu Rússar, helstu bandamenn ríkisstjórnar Bashars al-Assad Sýrlandsforseta, að ekki væri hægt að innleiða vopnahléið fyrr en komist hefði verið að samkomulagi um hvernig bæri að standa að innleiðingunni.

Á meðan hafa Assad-liðar haldið áfram árásum sínum á Austur-Ghouta, síðasta stóra vígi uppreisnarmanna nærri höfuðborginni Damaskus. Eftirlitssamtök á svæðinu greindu frá því í gær að sautján almennir borgarar hefðu farist í loftárás á bæina Douma og Harasta. Var því tala látinna komin upp í að minnsta kosti 550 frá því á sunnudaginn fyrir rúmri viku þegar Assad-liðar settu aukinn þunga í sókn sína.

Vladimir Pútín, forseti Rússlands, fyrirskipaði þó tímabundið vopnahlé af manúðarástæðum í gær. Á það hlé að hefjast í dag og mun það standa yfir frá klukkan 9 til 14 daglega næstu daga. Almennum borgurum verður leyft að yfirgefa svæðið og hjálparsamtökum að koma inn.

Sergei Shoigu greindi frá hinu tímabundna vopnahléi í gær. Sagði hann jafnframt að nánari upplýsingar um hvernig fólksflutningum frá Austur-Ghouta verði háttáð yrðu birtar á næstunni.

Alls hefur 31 farist í árásum Assad-liða á Austur-Ghouta frá því Öryggisráðið samþykkti ályktunina á laugardaginn samkvæmt bresku eftirlitssamtökunum Syrian Observatory for Human Rights.

Fréttastofa Sana, sem er á bandi ríkisstjórnarinnar, greindi frá því í gær að einn almennur borgari hefði sæst þegar sprengjur féllu á Qassahverfi Damaskus. Sprengjurnar voru sagðar hafa komið frá uppreisnarmönnum í Austur-Ghouta.

„Austur-Ghouta getur ekki beðið.



Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Austur-Ghouta
getur ekki beðið.
Það er kominn tími til að
stöðva þetta helvíti á jörðu.**

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Það er kominn tími til að stöðva þetta helvíti á jörðu,” sagði Antonio Guterres, framkvæmdastjóri SP, í gær. Sagði hann jafnframt að ályktanir Öryggisráðsins gerðu einungis gagn ef þær væru innleiddar á árangursríkan hátt. Því byggist hann við tafarlausri innleiðingu vopnahlésins.

Vopnahléið sem Öryggisráðið samþykkti á laugardag nær þó ekki til fylkinga sem SP álita hryðjuverkasamtök, til að mynda hryðjuverkasamtök sem kenna sig við íslamskt ríki. Hernaðarbandalagið gegn ISIS gerði loftárásir á samtökin í Deir al-Zour á sunnudag og felldi að minnsta kosti 10 almenna borgara í árásumum að því er eftirlitssamtök greina frá.

Heilbrigðisstarfsfólk í Austur-Ghouta sagði frá því á sunnudag að líklega hefði verið gerð efnavopnaárs á almenna borgara í bænum al-Shifuniya. Læknirinn Yaqub sagði til að mynda í viðtali við AFP að hann grunaði að klórgas hefði verið notað. Þriggja ára barn hefði kafnað, sjúklingarnir lyktuðu af klór og þeir kvörtuðu yfir kláða í húð og augum. Óháð félagasamtök og heilbrigðisráðuneyti uppreisnarmanna sögðu sömu sögu. Þetta hefur þó ekki fengist staðfest, að því er BBC greinir frá.

Sergey Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, sagði í gær að allar sögur um notkun klórgass væru kjaftæði og til þess gerðar að spilla fyrir Öryggisráðinu og vopnahléinu. Sýrlandsstjórn hefur itrekað neitað því að hafa notað efnavopn í sjö ára sögu átakanna.

Hins vegar hafa rannsakendur, meðal annars frá SP, komist að því að stjórnarherinn hafi notað klórgas í árásum sínum að minnsta kosti þrisvar. Þá hafa rannsakendur einnig haldið því fram að stjórnarherinn hafi drepið rúmlega átta tíu almenna borgara í bænum Khan Sheikhoun í apríl síðastliðnum með saríngasi. thorgnyr@frettabladid.is

Konur í Sádi-Arabíu fá að þjóna í hernum

SÁDI-ARABÍA Yfirvöld í Sádi-Arabíu hafa í fyrsta skipti gert konum kleift að sækja um að þjóna í hernum þar í landi. Hafa konur nú frest þangað til á fimmtudag til að sækja um. Þær verða þó ekki sendar til að berjast erlendis heldur munu þær sinna öryggisgæslu í Riyadh, Mekka, al-Qassim og Medínu.

Ákvörðunin kemur í kjölfar ýmissa breytinga Salmans konungs á stöðu kvenna þar í landi. Á síðasta ári var tilkynnt um að frá og með júní næstkomandi megi konur keyra bíla og þá var tilkynnt um það

í síðasta mánuði að konur fái að mæta og horfa á knattspyrnuleiki.

Hins vegar hefur reglum um að konur þurfi að hafa karlkyns fylgdarmann ekki verið breytt þrátt fyrir að það sé stefna stjórnvalda. Reglurnar kveða á um að fullorðnar konur þurfi að fá leyfi karlmanns til að ferðast, giftast og jafnvel vinna eða sækja lækisþjónustu. Mega þær heldur ekki tala við sér óskylda karlmenn.

Til að sækja um í herinn þarf að uppfylla tólf skilyrði. Meðal annars þarf kona að vera ríkisborgari í Sádi-

» **Ákvörðunin kemur í kjölfar ýmissa breytinga Salmans konungs á stöðu kvenna þar í landi.**

Arabíu, vera á milli 25 og 35 ára, vera útskrifuð úr framhaldsskóla og eiga, ásamt karlkyns fylgdarmanni, lögheimili í því héraði þar sem konan vill gegna herþjónustu. – þea



Konur fá að ganga í sádiarabíska herinn á næstunni. Þær fá að keyra bifreið frá og með júní, en um þær fyrirætlanir var tilkynnt í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, ásamt líklegasta arftaka sínum, aðalritaranum Annegret Kramp-Karrenbauer. NORDICPHOTOS/AFP

Einu skrefi frá lokum stjórnarkreppunnar

ÞÝSKALAND Kristilegir demókratar (CDU) í Þýskalandi samþykktu stjórnarsáttmála CDU og Jafnarmannaflokksins (SPD) í atkvæðagreiðslu flokksmanna í gær. Þetta þýðir að nú eru þjóðverjar einu skrefi frá endalokum stjórnarkreppunnar sem hefur varað þar í landi frá kosningum septembermánaðar. SPD á eftir að samþykkja samstarfið en atkvæðagreiðsla flokksmanna, sem fer fram með bréfpósti, stendur nú yfir. Tilkynnt verður um niðurstöður þeirrar atkvæðagreiðslu þann 4. mars næstkomandi.

Af þeim 975 sem saman voru komnir á flokksþingi gærdagsins greiddu einungis 27 atkvæði gegn áframhaldandi samstarfi við SPD. Flokkarnir tveir störfuðu saman í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili og hefur stjórnin gjarnan verið kölluð

Stórbandalagið, eða Große Koalition upp á þýsku. Báðir flokkarnir fengu skell í þingkosningunum og hefur Jafnarmannaflokkurinn ekki mælt minni en hann gerir nú síðan á níttjándu öld.

Á flokksþinginu í gær sagði Merkel að þótt ýmsir væru ósáttir við stjórnarsáttmálann, meðal annars það að SPD fái fjármálaráðuneytið, hafi ekki verið hægt að ná hagstæðara samkomulagi að sinni. „Við erum ekki að fara að kasta umboðinu frá okkur bara af því við vildum meira. Fólk hefur alltaf getað treyst því að CDU taki ábyrgð. Það er okkar vörumerki,“ sagði kanslarinn.

„Hefðum við átt að leyfa viðræðunum að sigla í strand eingöngu vegna þessa eina ráðuneytis? Mitt svar er nei,“ sagði Merkel um fjármálaráðuneytið. – þea



Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 21. mars 2018 kl. 17:00, í útibúi Landsbankans við Austurstræti 11 í Reykjavík.

Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 6. mars 2018.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu bankans á slóðinni <https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/> miðvikudaginn 7. mars 2018.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutfélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 16:00 föstudaginn 16. mars 2018, til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi. Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

Reykjavík, 27. febrúar 2018
Bankaráð Landsbankans hf.

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar
mæla með
GUM
tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

Getuleysi Öryggisráðsins



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Á síðustu átta dögum hafa rúmlega 550 manns, stór hluti þeirra börn, verið myrtir í Ghouta-hverfi í útjaðri Damaskus. Hersveitir hlíðhollar ríkjandi valdi í Sýrlandi hafa með stuðningi Rússa jafnað spítala við jörðu í hverfinu með ítrekuðum loftárásum. Hersveitirnar varpa tunnum, yfirfullum af sprengiefni, sprengjubrotum og jafnvel eiturefnum, úr þyrlum yfir hverfinu þar sem fjögur hundruð þúsund óbreyttir borgarar lifa milli vonar og ótta. Á milli þeirra leynast 580 uppreisnarmenn. Sýrlensk yfirvöld eru reiðubúin að fremja fjöldamorð á eigin þegnum til að útrýma þeim.

Þetta hömlulausa ofbeldi er ekki aðeins að finna á sjálfum vígvellinum í Sýrlandi, heldur birtist það í annarri mynd víðsfjarri húsarústunum og barnsgrátinum í Ghouta-hverfi. Í fundarsal Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þar sem fulltrúar þjóðanna koma saman undir því yfirskeyni að koma sýrlensku þjóðinni til hjálpar. Öryggisráðið komst loks að samkomulagi um vopnahlé í Ghouta um helgina, eftir ítrekaðar tilraunir og ótal fundi. Síðan þá hafa rúmlega þrjátíu óbreyttir borgarar verið myrtir í loftárásum á Ghouta.

Óhætt er að segja að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafi algjörlega, og ítrekað, brugðist sýrlensku þjóðinni.

Stríðandi fylkingar í Sýrlandi bera ábyrgð á mannföllum, en ábyrgð ríkjanna fimm sem eiga fastasæti og hafa neitunarvald í Öryggisráðinu er ekki minni. Þessar þjóðir hafa leyst áttökunum að halda áfram. Slíkt er vanhæfi þessara svokölluðu stórvelda að þeim hefur ítrekað mistekist að tryggja grundvallarmannréttindi hóps sem þurft hefur að þola einhverjar mestu hörmungar sem sést hafa.

Sýrlenska borgarastyrjöldin er mesti harmleikur okkar tíma, og það fyrir ýmsar sakir. Mannfallið og það gegndarlausu ofbeldi sem átt hefur sér stað þar ber nóturlegt vitni um þá villimennsku sem tegundin okkar er fær um að sýna. En um leið, verandi hin upplýsta og tengda kynslóð, neyðumst við í ljósi hörmunganna til að horfa inn á við og spyrja af hverju við látum þetta viðgangast. Engin kynslóð í sögunni hefur haft jafn gott aðgengi að upplýsingum og staðreyndum, og það er hægðarleikur að beita sér í þágu Sýrlendinga.

Sama hversu smá ríkin eru, þá hafa þau burði og umfram allt siðferðilega skyldu til að halda á lofti gildum sínum og berjast fyrir mannréttindum Sýrlendinga. Ekki verður unað lengur við getuleysi Sameinuðu þjóðanna, því þurfa almennir borgarar að sýna manngæsku í verki og koma bræðrum sínum og systurum í Sýrlandi til aðstoðar.



Stríðandi fylkingar í Sýrlandi bera ábyrgð á mannföllum, en ábyrgð ríkjanna fimm sem eiga fastasæti og hafa neitunarvald í Öryggisráðinu er ekki minni.

Halldór



Frá degi til dags

Kjörkassaáhyggjur Pirata
Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pirata, er duglegur að halda stjórnarlíðum við efnið með alls konar fyrirspurnum, misþægilegum. Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hefur svarað ítarlegum spurningum þingmannsins um hvaða gæðakröfur séu gerðar til atkvæðakassa í kosningum. Í lögum er kveðið á um að atkvæðakassi skuli „þannig búinn að ekki sé unnt að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann og þannig að unnt sé að læsa honum.“ Þá er ráðuneytinu aðeins kunnugt um að á árunum 2013-2017 hafi kassar orðið fyrir hnjaski í Reykjavíkurborgardæmunum fjórum sinnum. Innsigli hafi þó ekki rofnað enda engir pappakassar á ferðinni.

Kosningaholufyllingar
Götur í Reykjavík eru víða torfærari en yfirborð tunglsins. Við þessu hefur verið amast misserum saman en nú bregður svo við að Reykjavíkurborg biður borgarbúa um að senda ábendingar um slæmar holur. Þessi skyndilegi áhugi borgaryfirvalda á holum kemur borgarfulltrúanum Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur spáskt fyrir sjónir en hún dregur þá ályktun að yfirvofandi kosningar ráði þarna miklu. Í framhaldinu spáir hún því á Facebook, með tilheyrandi broskalli, að byrjað verði að þrifa borgina fyrir en venjulega á þessu ári.
thorarinn@frettabladid.is

Krónan er fyrir auðmenn



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Nú segja atvinnurekendur að ekki sé hægt að hækka laun og verður það að teljast frekar hefðbundin orðræða í upphafi kjarasamninga. Hins vegar sakna ég umræðu um áhrif krónunnar á fyrirtækin. Það er ljóst að sveiflur krónunnar leika mörg fyrirtæki grátt. Eitt árið er krónan „of veik“ og annað árið er hún „of sterk“.

Présentubreyting á gjaldmiðlinum getur haft mun meira að segja en présentubreyting í launum. Oddi sagði upp tæplega 90 manns um daginn en launakostnaður þar nemur um 38% af tekjum. Hins vegar tekur verð á innfluttum samkeppnisvörum 100% mið af gengi gjaldmiðils. Hvernig getur gjaldmiðill sem er með tugprósenta sveiflur, og stöðuga rýrnun sé litíð til lengri tíma, verið hentugur fyrir fyrirtæki í landinu?

Það er því óskiljanlegt hvað atvinnurekendur eru áhugalausir í því að berjast fyrir stöðugum gjaldmiðli. Það er ekki hægt að búa við stöðuga krónu þar sem hún er alltof litill gjaldmiðill í ólgusjó alþjóðaviðskipta. Enn ótrúlegri er málflutningur þeirra sem verja krónuna með þeim rökum að gengisfellingar séu svo heppilegar. Gengisfellingar krónunnar eru aðeins leið til að færa fé frá almenningi til sumra fyrirtækja og skila engu nema hærri verðbólgu og lakari kjörum fyrir launafólk.

Það er einnig óskiljanlegt að hafa stjórnvöld sem finnst það eðlilegt að íslenskur almenningur og þorri íslenskra fyrirtækja búi við krónuna og hennar fylgiskipa sem eru háir vextir og verðtryggingin á sama tíma og ákveðin stórfyrirtæki og auðmenn geta kosið skjól annarra gjaldmiðla en samt notið góðs af háum vöxtunum og verðtryggingu fjármagni. Sagan sýnir að krónan er fyrir auðmenn en ekki almenning.

Þrátt fyrir að laun hafi hækkað talsvert undanfarin misseri eru það hinar krampakenddu sveiflur krónunnar sem hafa verri áhrif á fyrirtækin í landinu en launahækkanir. Með upptöku stærri gjaldmiðils, eins og flestar nágrannaþjóðir okkar hafa kosið að gera, myndi íslenskur almenningur og fyrirtæki njóta góðs af meiri stöðugleika, lægri vöxtum og engri verðtryggingu.



Hvernig getur gjaldmiðill sem er með tugprósenta sveiflur, og stöðuga rýrnun sé litíð til lengri tíma, verið hentugur fyrir fyrirtæki í landinu?

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Kuðungurinn 2017

Umhverfisviðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2017. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta bæði tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eigi síðar en 25. mars nk. merktar „Kuðungurinn“ á netfangið postur@uar.is eða með pósti í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornarradid.is/kudungurinn

Anne Frank



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar erfða-
greiningar

Opið bréf til Sifjar Sigmarsdóttur um yfirlætisfullt orðagjálfur um frelsi, víðsýni og virðingu.

Ágæta Sif, það er einfaldlega ekki hægt að tjá sig um umdeild mál svo öllum líki þannig að ég bjóst við hvössum viðbrögðum þegar ég lýsti andstöðu minni við frumvarp til laga um að gera umskurð piltbarna ólöglegan á Íslandi. Ég reiknaði líka með því að orð mín yrðu af mörgum misskilin á þann hátt að mér fyndist umskurðurinn allt í lagi og jafnvel eðlilegur. Væntingar mínar reyndust réttar um hvort tveggja og það hefur rignt yfir mig fúkyrðum úr öllum áttum ásamt undurþýðum blíðuatlotum eins og frá þér þegar þú kallar greinina mína „yfirlætisfullt orðagjálfur um frelsi, víðsýni og virðingu“. Ég reikna með því að þú hafir að vanda rétt fyrir þér í mati þínu og ætla því að gera aðra tilraun til þess að hlúa að skoðun minni á þessu máli:

Ég eins og flestir er þeirrar skoðunar að umskurður piltbarna sé óæskilegur og ógeðfelldur og þjóni ekki beinlínis hagsmunum barnsins. Hann er að öllum líkindum sársaukafullur þótt hann sé ekki hættulegur í höndum fagmanna og hann er ekki limlesting eins og umskurður stúlkubarna. Ég held því fram að það sé verðugt verkefni að berjast gegn því að piltbörn séu umskorin og lít á það sem jákvæðar fréttir að aðgerðin sé á undanhaldi í Bandaríkjunum þar sem meiri hluti karlmanna er umskorinn enn þann dag í dag. Það er svo í mínum huga allt annað mál að setja lög sem geri það að glæp á Íslandi að umskera piltbörn.

Í fyrsta lagi tíðkast það ekki á Íslandi að umskera piltbörn nema í algjörum undantekningum þegar það er læknisfræðileg ástæða fyrir því. Þess vegna væru löggin ekki sett til þess að stemma



Ef hugmyndin er sú að byrja að tjá andstöðu okkar við það sem vegur að réttindum eða heilsu barna í heiminum með því að banna það með lögum á Íslandi er margt brýnna og alvarlegra en umskurður piltbarna. Við gætum til dæmis bannað það með lögum að henda sprengjum á húsnæði þar sem börn búa, að vísa úr landi flóttabörnum sem eiga hvergi í hús að vanda, að börn svelti og að stúlkum sé þröngvað í hjónabönd fyrir fermingaraldur, svo nefnd séu nokkur dæmi sem láta umskurð piltbarna blikna.

stigu við umskurði á Íslandi, heldur til þess að heimurinn vissi að við værum á móti umskurði þegar hann er framinn í öðrum löndum. Venjulega setjum við lög á Íslandi til þess að ákvarða rétt manna í landinu, setja hegðun þeirra skorður eða beina henni í ákveðinn farveg, en sjaldan til þess eins að tjá skoðun á atferli manna í öðrum löndum. Ef hugmyndin er sú að byrja að tjá andstöðu okkar við það sem vegur að réttindum eða heilsu barna í heiminum með því að banna það með lögum á Íslandi er margt brýnna og alvarlegra en umskurður piltbarna. Við

gætum til dæmis bannað það með lögum að henda sprengjum á húsnæði þar sem börn búa, að vísa úr landi flóttabörnum sem eiga hvergi í hús að vanda, að börn svelti og að stúlkum sé þröngvað í hjónabönd fyrir fermingaraldur, svo nefnd séu nokkur dæmi sem láta umskurð piltbarna blikna.

Í öðru lagi hefur umskurður piltbarna verið mikilvægur partur af menningu gyðinga í tvö þúsund ár og tengist trú þeirra órofa böndum. Gyðingar hafa lengst af verið farandþjóð, sem hefur búið á víð og dreif um heiminn og hefur orðið að berjast með kjafti og klóm fyrir réttinum til þess að njóta eigin menningar hvar sem þeir hafa verið. Samkvæmt því sem vinir mínir úr þeirra röðum segja mér líta þeir svo á að með því að gera það að glæp að fara að einni elstu og sterkustu hefð í gyðingdómi væri verið að gera það að glæp að vera gyðingur á Íslandi. Þeir benda á að þótt það megi leiða að því rök að barninu steðji agnarlitil hætta af umskurðinum og svolitill sársauki, sé það ekkert miðað við þá hættu og þann sársauka sem andstaða við gyðingdóm hafi skapað þjóð þeirra í gegnum tíðina, milljónir á milljónir ofan hafi týnt lífi sínu hennar vegna. Þeir halda því fram að andstaða eins og sú sem endurspeglar í frumvarpinu sé lífshættuleg þeim börnum gyðinga sem verið sé að umskera í dag. Þeir standa á því fastar en fótunum að gyðingahatur tilheyrir ekki fortíðinni og benda gjarnan á nýleg dæmi máli sínu til stuðnings. Ég man eftir því þegar ég kom til Birmingham í Alabamafylki í Bandaríkjunum árið 1978 og sá skilti á dyrum almenningsalernis á lestarstöð sem á stóð: Enga svertingja, hunda eða gyðinga (no blacks, no dogs, no jews). Það hefur heldur ekki farið framhjá gyðingum að

flytjandi frumvarpsins er úr sama stjórn-málaflokki og ráðherrann sem bannaði Íslendingum að bjarga gyðingabörnum úr klóm nasista árið 1939.

Það sem mér finnst að vissu leyti gott við þessa umræðu, Sif, og málflytning þeirra sem hafa hent í mig skít, er að menn virðast vera reiðubúnir til þess að gleyma öllu öðru þegar kemur að hagsmunum barna, jafnvel að slökkva á heilbrigðri skynsemi. Það sem mér finnst slæmt við umræðuna er að það er svo margt í íslensku samfélagi sem vegur harkalegar að hagsmunum barna en umskurður piltbarna þar sem hann er stundaður, og við erum ekki að gera neitt til þess að takast á við það. Þetta minnir mig um margt á ræðu sem faðir minn flutti við lok Keflavíkur göngu sem ég gekk ásamt langafa og langömmu barnsins þíns. Samtök hernámsandstæðinga voru með samskot til styrktar Viet Kong meðan á göngunni stóð. Faðir minn byrjaði ræðuna á því að segja: Hvernig dettur ykkur þetta í hug? Hvað skyldu hermenn Viet Kong halda þegar þeir komast að því að það eru 15.000 bandarískir hermenn á Íslandi og í stað þess að nota peningana í baráttuna til þess að losna við þá erum að senda þeim peninga?

Að lokum, Sif, þú endar gagnrýni þína á greinina mína með eftirfarandi orðum: Væri ekki hægt, með sömu rökum, að segja það forræðishyggju að ríkið banni mér að ganga upp að Kára og slá hann kinnhest? Mér er spurn.

Það er ljóst af þessum orðum að þú ert búin að búa svo lengi á Englaferðum að þú hefur gleymt því að þegar síðhærð kona eins og þú slærð mann eins og mig kinnhest þá er það gjarnan dauðadómur yfir legna manninum með strengjalaus bogann.

ISUZU D-MAX

**STERKUR PALLBÍLL
VERÐUR STERKARI**

Sparneytnari, hagkvæmari og hljóðlátari ISUZU D-MAX

Isuzu D-Max BASIC dísil, beinskiptur. Verð: **4.850.000 kr.** (3.911.290 kr. án vsk.)
Isuzu D-Max PRO dísil, sjálfskiptur. Verð: **5.690.000 kr.** (4.588.700 kr. án vsk.)

164 hestöfl – 3.500 kg dráttargeta. Eyðsla frá 7,0 l/100km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Míðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eidsneyðingunni í blönduðum akstri.
ENNEKKA / SIA / N.N.84518

Ókeypis A
SUNNUDAGUM Í
DORMA SMÁRATÖRGI

DORMA
Láttu drauminn rættast

**Fermingar
dagar í Dorma**
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**



NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni

Aukahlutir á mynd:
Koddar og höfuðgaff.
Val um þrjá liti á botni:
Hvítt, svart og grátt.



**FERMINGAR
TILBOÐ** + **DÚNKODDI**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- Vandaðar kantstyrkingar
- 320 gormar á m²

Öllum fermyngartilboðum á heilsurúmum hjá Dorma fylgir Scandinavian Bedding dúnkoddi að verðmæti **4.900 kr.**

Nature's Bedding

Nature's Supreme með Classic botni og fótum

| Stærð í cm | Fullt verð | Fermyngartilboð |
|------------|------------|-----------------|
| 80x200 | 82.900 | 66.320 |
| 90x200 | 89.900 | 71.920 |
| 100x200 | 96.900 | 77.520 |
| 120x200 | 109.900 | 87.920 |
| 140x200 | 119.900 | 95.920 |

Fermyngartilboð

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast



Aron Kristjánsson tók við Aalborg 2016 og gerði liðið að dönskum meisturum á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjölskyldan í forgangi

Aron Kristjánsson hættir sem þjálfari Danmerkurmeistarara Aalborg í sumar og flytur heim til Íslands. Aron segist ekki hættur í þjálfun þótt hann sé á heimleið.

HANDBOLTI „Þetta hefur verið að myndast í svolitinn tíma. Þegar við fluttum með fjölskylduna út ákvæðum við að taka eitt ár í einu. Það sem er best fyrir okkur núna er að fjölskyldan búi á Íslandi næstu árin,“ segir Aron Kristjánsson en í gær bærust fréttir af því að hann myndi hætta sem þjálfari Danmerkurmeistaranna Aalborg að tímabilinu loknu. Hann heldur þá heim á leið með fjölskylduna sem hefur búið úti með honum síðasta árið.

